

Matarskattur og verðlag

Fyrir ári síðan áætlaði Hagstofa Íslands að meðalútgjöld heimilanna til kaupa á mat og drykkjarvöru væru 12,9% af heildarútgjöldum heimilanna og hafði þá farið lækkandi um nokkurt skeið. Bráðlega verða birtar nýjar tölur og þá má ætla að hlutfallið lækki enn töluvert. Þetta má lesa úr þeim upplýsingum sem Hagstofan safnar og notar við sundurliðun neysluútgjalda og neysluverðsvísitölu. Þó hlutfall matarútgjaldanna fari minnkandi í samanburði við aðra útgjaldaliði er það ekki vegna þess að verðlag á matvælum fari lækkandi heldur hækka aðrir liðir, eins og húsnæðiskostnaður, mun hraðar.


Þó hlutfall heimilanna til matarinnkaupa fari lækkandi er samt mikilvægt að halda matarverði sem lægstu fyrir alla hlutaðeigandi, neytendur, verslun í landinu og ríkissjóð. Hér hafa verið teknar saman ýmsar upplýsingar um þróun verðlags og sölu á matvælum sem ættu að nýtast í upplýstri umræðu um þetta sameiginlega hagsmunamál þjóðarinnar.

Meiri tekjur af virðisaukaskatti eftir matarskattslækkun

Tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti hafa hækkað þó svo að matarskatturinn hafi lækkað úr 14% (á sumum matvörum 24,5%) í 7%, þann 1. mars síðastliðinn. Matarverð hækkaði um 2,3% á tímabilinu frá mars til október, sem er í takt við hækkanir á hinum Norðurlöndunum, en velta dagvöruverslana¹ jókst mun meira.

Á fyrstu 9 mánuðum ársins voru tekjur ríkisins af virðisaukaskatti 8,7 milljörðum meiri en á sama tímabili í fyrra, mælt á verðlagi hvers árs. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá október 2006 var hins vegar talið að aðgerðirnar myndu leiða til þess að ríkissjóður yrði af um 6 milljörðum kr. vegna aðgerðanna. Það virðist ekki vera raunin.

Mynd 1. Tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti janúar – september 2006 og 2007 (millj. kr.)




Heimild: Fjármálaráðuneytið

Mikil veltuaukning dagvöru eftir skattalækkun

Í mars síðastliðnum varð um 18% veltuaukning í dagvöruverslun miðað við mánuðinn á undan samkvæmt smásöluvísitölu Rannsóknaseturs verslunarinnar. Til samanburðar varð um 10% veltuaukning í sama mánuði í fyrra. Eðlilegt er að draga þá ályktun að veltuaukningin hafi orðið í tengslum við lækkun á virðisaukaskatti og afnámi vörugjalda þann 1. mars. Ekki er ljóst hvort þessi aukning hafi orðið vegna þess að neytendur hafa keypt meiri mat en áður eða farið að velja dýrari matvörur. Ekki er ástæða til að rekja veltuaukninguna sem þarna varð til herra verðlags á matvöru því að mati Hagstofunnar skilaði sér skattalækkunin til neytenda í verði, en margir höfðu óttast að kaupmenn héldu sama útsöluverði eftir lækkun matarskattsins og stýngju hagnaðinum í eigin vasa.

Mynd 2. Veltuvísitala dagvöruverslunar 2006 og 2007 á breytilegu verðlagi




Heimild: Rannsóknasetur verslunarinnar

Þróun verðlags á matvælum hér og á Norðurlöndunum

Þó verðlag á matvælum sé hátt hér á landi miðað við nágrennalönd okkar hefur verðlagsþróunin á undanförunum mánuðum verið nokkuð sambærileg. Ef borin er saman vísitala matarverðs sem birt er mánaðarlega á Hagstofum allra Norðurlandanna kemur í ljós að verðhækkun á matvælum hér á landi er minni en í Danmörku og meiri en í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Á tímabilinu mars til október 2007 hækkaði matvælaverð í Danmörku um 3,1%, á Íslandi um 2,3%, í Svíþjóð um 1,7% og í Noregi um 0,4% og í Finnlandi lækkun um 0,1%. Tímabilið er ef til vill of stutt til að segja til um verðþróun matarverðs hér á landi eftir að skattabreytingin var gerð 1. mars sl., en gefur þó vísbendingu um hún sé í takt við hin Norðurlöndin.

Mynd 3. Þróun neysluverðs matvæla á Norðurlöndunum



Heimild: Hagstofur Íslands, Danmerkur, Svíþjóðar , Finnlands og Noregs

Sama matarverð og fyrir sex árum


Athyglisvert er að fylgjast með þróun dagvöruverðs í samanburði við heildarþróun neysluverðs. Úr þeim samanburði má meðal annars lesa áhrif lækkunar matarskatts á samkeppni á smásölumarkaði og hins vegar að verðlækkanir á dagvöru hafa lítil áhrif á þróun heildarvísitölunnar, enda vega útgjöld til dagvara sífellt minna í heildarútgjöldum heimilanna eins og kom fram hér að framan.

Annað afar athyglisvert er að verðlag á dagvöru er það sama í nóvember 2001 og í nóvember 2007 samkvæmt vísitölumælingu Hagstofunnar og er 2,6% lægra nú en í janúar 2002. Frá því í lok ársins 2002 hafa aðrir þættir í neysluverðsvísitölunni hækkað mun meira en dagvörur eins og smá má á Mynd 4.

Þegar tollar voru afnumdir af innlendu grænmeti árið 2002 hafði það veruleg áhrif til lækkunar á öllu grænmeti og ávöxtum eins og kemur fram í skýrslu um verðlag á matvælum sem tekin var saman af Hagstofustjóra. Aftur má merkja verðlækkun á dagvöru í byrjun árs 2005 þegar verðstíð geisaði milli lágvöruverðsverslana. Enn lækkaði verðlag umtalsvert vegna lækkunar virðisaukaskatts af matvælum og afnámi vörugjalda á matvæli. Eins og sjá má á Mynd 4 hefur verðlag á dagvöru lækkað í stórum þrepum en hækkað smán saman á milli þessara verðlækkana.

Einnig má sjá á Mynd 4 að þær sveiflur sem verið hafa á vísitölu dagvöruverðs hafa ekki teljandi áhrif á heildarvísitölu neysluverðs, hvort sem miðað er við neysluverðsvísitölu með eða án húsnæðis. Matvæli vega sífellt minna í vísitölunni.

Mynd 4. Samanburður á þróun vísitölu neysluverðs, með og án húsnæðis og verð á dagvöru




Heimild: Hagstofa Ísland

Framleiðsluverð og smásöluverð á innlendum matvælum

Langmest af þeim matvælum sem neytt er hér á landi eru innlend matvæli. Í umræðu um matvælaverð er oft deilt um það hvort hækkanir sem eiga sér stað eigi uppruna sinn hjá framleiðendum eða smásölu. Hagstofa Íslands birtir reglulega vísitölu framleiðsluverð sundurliðaða eftir tegundum. Ef gerður er samanburður á vísitölu framleiðsluverða innlendra matvæla við vísitölu neysluverðs (verð úr smásöluverslunum) á sömu tegundum kemur í ljós að verðsveiflur eru ekki alltaf í takt. Verð frá framleiðanda getur hækkað en um leið lækkað í smásölu og öfugt. Ástæðan gæti verið samkeppni á markaði, mismunandi kostnaðarþróun eins og laun eða að verðlagsbreytingar á hráefni taki mislangan tíma að skila sér út í verðlag. Einnig gætu gengissveiflur haft áhrif.

Á Mynd 5 sést að verð frá framleiðendum hækkaði um 9% frá janúar 2006 – janúar 2007 frá framleiðendum en um 11% úr smásölu. Stærsta einstaka breytingin varð í mars á þessu ári þegar virðisaukaskattur var lækkaður og vörugjöld afnumin af matvælum. Þá lækkaði neysluverðsvísitalan um rúmlega 9% í einu vetfangi. Áhugavert verður að fylgjast með þessari þróun með hliðsjón af boðuðum verðhækkunum á innfluttu kornmeti, sem hefur áhrif á innlenda matvælaframleiðslu.

Mynd 5. Samanburður á framleiðsluverði og neysluverði innlendra matvara



Heimild: Hagstofa Íslands og Rannsóknasetur verslunarinnar

Umræða um matvælavæð er árviss viðburður hér á landi og vegur líklega þyngra í þjóðfélagsumræðunni en í flestum nágrannaríkja okkar. Þetta er jákvætt og ber vott um að neytendur láta ekki þjóða sér hvað sem er. Hins vegar heyrast einnig fullyrðingar í opinberri umræðu sem byggja á getgátum og órókstuddum fullyrðingum. Slíkt er engum til góðs og leiðir til þess að deilur magnast og aðilar skiptast í fylkingar. Með þeirri samantekt sem hér birtist eru gerð tilraun til að leiða í ljós raunverulega þróun verðs og áhrifa skattalækkunar á matvæli samkvæmt þeim mælikvörðum sem almennt eru viðurkenndir.

Emil B. Karlsson

forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar

ⁱ Dagvöruverslanir selja að langmestu leyti matvöru. Þar eru einnig seldar almennar hreinlætisvörur og algengar vörur sem notaðar eru til daglegra nota á heimilum. Algengt er að dagvöruverslanir séu einfaldlega nefndar matvöruverslanir.